



## Fundargerð

**Svæðisráð vestursvæðis - 106. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á fjarfundi, 14. desember 2022, kl. 15:30.**

### Fundinn sátu:

Elín Heiða Valsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,  
Þráinn Ingólfsson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,  
Einar Örn Kristjánsson, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,  
Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka,  
Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga,  
Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands,  
Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður,  
Ingibjörg Halldórsdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs.

### 1. Vestursvæði - af vettvangi stjórnar - 1805025

Formaður svæðisráðs fer yfir helstu atriði af vettvangi stjórnar.

*Formaður fór yfir störf stjórnar, stjórn hefur fjallað um rekstraráætlun og vísað henni til svæðisráða, hún verður tekin fyrir á fundinum. Sama gildir um gjaldskrá þjóðgarðsins. Stjórn hefur fundað fjórum sinnum síðan svæðisráð fundaði síðast, þ.á.m. var staðfundur í Mývatnssveit. Stærstu mál hafa verið undirbúningur rekstraráætlunar og gjaldskrárbreytinga, ráðning nýs framkvæmdastjóra, starfsreglur fyrir stjórn og svæðisráð og undirbúningur að endurskoðun Stjórnunar- og verndaráætlunar. Stjórn hefur borist svar við erindi til ráðuneytis varðandi erindi, þar sem óskað er eftir túlkun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á samspili laga um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007, og laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hvað viðkemur heimild stjórnar þjóðgarðsins til að leggja til opnun eldri leiðar fyrir vélknúin ökutæki um Vonarskarð. Svárið hefur ekki hlotið efnislega umfjöllun stjórnar.*

### 2. Rekstraráætlun - 2023 - 2208071

*Þjóðgarðsvörður fór yfir rekstraráætlun fyrir vestursvæði. Ekki er svigrúm til að bæta við í landvörslu á hálendinu miðað við stöðuna í dag. Lagt upp með sömu landvörslu og á yfirstandandi ári. Hækkun á áætlun vestursvæðis milli ára er um 25 milljónir sem skýrist af því að ný gestastofa á Kirkjubæjarklaustri verður tekin í notkun. Verði breytingar við endurskoðun rekstraráætlunar á vordögum er aukin landvarsla forgangsatriði.*

### 3. Endurskoðun gjaldskrár Vatnajökulsþjóðgarðs - 2022 - 2203022

*Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu að endurskoðaðri gjaldskrá og gjaldtökumál í þjóðgarðinum. Lagt er til að hafin verði gjaldtaka á Jökulsárlóni á árinu 2023, gert ráð fyrir að undirbúningur hefjist eftir áramót, verði tillagan samþykkt. Stjórn hefur þegar samþykkt tillöguna. Svæðisráð þakkar kynninguna.*

### 4. Fundaáætlun - 2023 - 2208072

Samþykkt fundaáætlun VJP lögð fram til kynningar.

*Fundaáætlun kynnt. Ákveðið að fresta janúarfundi vestursvæðis til 18. janúar.*

**Fundargerð ritaði:** Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 16:40.